

Hugsum í lausnum


Það eru varla til fordæmi fyrir þeim atburðum sem við stöndum frammi fyrir í dag þar sem náttúruöflin leika okkur grátt með öllu sínu afli. Hraunrennsli frá Eldgosum ryðja sér leiðir. Hálf Reykjanesið er í valnum, hitavatnsleysi og tíðar rafmagnstruflanir eru að leika landann grátt þessar stundirnar og ekki bætir úr skák að úti er veður kalt.

Starfsfólk Rafvirkjameistara og Pípulagningamanna hafa unnið þrekvirki að halda hlutunum í gangi og eiga þeir mikið hrós skilið fyrir ósérhlífin störf við að bjarga verðmætum.

Mikilvægt er að við getum fundið og unnið að lausnum, ekki aðeins fyrirbyggjandi heldur líka lausnir til framtíðar. Endurtekin eldsumbrot segja okkur að við munum eiga við þetta vandamál á Reykjanesinu næstu ár eða jafnvel áratugi. Við þurfum að grípa inn í og tryggja framtíðina, orkuna og byggð. Tryggja að það sé til næg orka og vatn á svæðinu.

Það hefur verið tíðrætt um orkuskipti og hvernig við getum tryggt landsmönnum græna orku til framtíðar. Ef við horfum aðeins til þess ástands sem hefur raungerst á Reykjanesinu þá er ljóst að ákveðnir innviðir ráða ekki við álagið ef eitt bregst. Hugmyndin að Sólarsellu orkuveri/orkubúi, eða notkun á Sólarsellu kerfum fyrir fyrirtæki og íbúðarhúsnæði er kannski ekki svo fjarstæðukennt að hugsa til í þessu ástandi sem ríkir núna. Útfærslurnar geta verið margar og margir hagsmunaaðilar geta komið að borðinu og boðið slíkar lausnir sem geta að einhverju leyti tryggt lágmarks orku til neytandans á meðan alvarlegt ástand stendur yfir og þá einnig nýst til að dreifa álagi. Þetta ætti kannski að vera uppi á borði orkufyrirtækjanna sem eru í rekstri og útfærslan þá ekki hagnaðardríf.

Ástæðan fyrir rafmagnstruflunum hjá íbúum á Reykjanesinu er að álagið á innviði rafmagnskerfisins er of mikil eftir að hitavatnsæð fór í sundur við Svartsengi. Það virðist ekki vera skortur á raforku en vandinn er mikið til heimafyrir, þ.e. að lagnaleiðir og innviði ráða ekki við að halda rafmagninu uppi þegar álagið verður of mikið á sama tíma. Og svo ber einnig undir að orkufyrirtækjum ber engin skylda til að selja heimilum rafmagn, það vantar lög til að tryggja að almenningur, lítil og hefðbundin fyrirtæki eigi öruggan aðgang að raforku.



Aðrar lausnir sem eru í boði, væru sem dæmi að tengjast Sólarsellu - orkubúi eða að fyrirtæki eða íbúðarhúsnæði eða íbúðarkjarnar væru að hlutu til að nýta sér slíka uppsetningu. Þá gæði slíkt dregið úr álaginu og öryggi íbúa og fyrirtækja tryggð að einhverju leyti orka.

Notkun á varmadælum er einnig áhugaverð hugmynd í þessu samhengi og gætu þær nýst í samtengdu kerfi við fleiri orkugjafa. Varmadælur taka til sín varma við lágt hitastig og skila honum frá sér við hærri hitastig. Yfirleitt er tekinn varmi frá náttúrunni (t.d. volgu vatni, lofti, jarðvegi eða sjó) og skilað til upphitunar húsa en einnig er varminn nýttur í margskonar iðnaði.

Smá frétt: Hann er snjall þessi Óli pípari.

Einar Jónsson, forstöðumaður Umhverfismiðstöðvar í Reykjanesbæ, valdi sér heldur óvenjulega leið til að halda hita á heimili sínu í hitavatsleysinu, í framhaldi af sjötta eldgosinu á Reykjanesinu núna í febrúar. Einar fjárfesti í svokallaðri hitatúbu sem hann tengir við grind gólfhitakerfis og hitar vatn sem keyrt er í gegnum kerfið í stað þess að nota ofna eða hitablásara.

Hitatúban er tengd við bensínrafstöð. Það var frændi Einars, Óli pípari sem stakk upp á þessari útfærslu þegar eldgoðið var í desember 2023.

Hugsum í lausnum.

Hjörtur Árnason, formaður FRT.